

1868

Fimmtudaginn 23. maí 1996.

Nr. 95/1996.

### **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Stefáni Erni Kristjánssyni og  
Kolbrúnu Guðmundsdóttur**

(Jón Magnússon hrl.)

Byggingarlög. Friðun Þingvalla. Brottnám mannvirkja. Sveitarstjórn. Fyrning sakar. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson og Sigurður Línadal, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1996. Af hálfu ákærvalds er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og að refsing ákærðu verði þyngd. Þá er þess krafist, að ákærðu verði með dómi gert að hlíta brottnámi sumarhúss að Neðristíg 7 í landi Kárastaða í Þingvallasveit ásamt geymsluhúsi, göngubrú og verönd.

Ákærðu krefjast aðallega sýknu af refsikröfum ákærvalds og að kröfum þess um brott nám mannvirkja verði hafnað. Til vara krefjast ákærðu þess, að þeim verði aðeins gerð vægasta refsing, sem lög leyfa, og að kröfu um brott nám verði hafnað. Til þrautavara krefjast þau þess, að krafa um brott nám nái aðeins fram að ganga, að því er varðar svokallað bað- og geymsluhús.

### **I.**

Sumarið 1990 keypti ákærða Kolbrún sumarhúsið Þórðarhöfða í landi Kárastaða í Þingvallasveit, og tók hún við eigninni 11. júlí 1990. Hún gerði síðan lóðarleigusamning við Þingvallanefnd 25. febrúar 1991, og eru leiguskilmálar raktir í héraðsdómi. Afsal fyrir hinni seldu eign var gefið út 18. febrúar 1992. Sumarhúsið er utan þjóðgarðs, svo sem mörk hans eru ákveðin í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1928 um friðun Þingvalla, en innan þeirra marka, sem lýtur yfir-

stjórn Þingvallanefndar, sbr. 4. mgr. 2. gr. og 5. gr. sömu laga. Þar er meðal annars bannað að reisa hús eða önnur mannvirki nema með leyfi Þingvallanefndar.

Í bréfi byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu 5. júní 1991 segir, að í júlí 1990 hafi verið teiknað 83,6 m<sup>2</sup> hús á lóðina. Á fundi byggingarnefndar Þingvallahrepps 9. október 1990 voru þessar teikningar teknar fyrir. Síðan fylgdi svofelld bókun: „Endurnýjun og stækkun á sumarhúsi Stefáns Kristjánssonar í landi Kárastaða. Alls færi húsið í 83,6 m<sup>2</sup>, en hámarksstærð á sumarhúsi er samkv. byggingarreglugerð 60 m<sup>2</sup>. Málinu vísað frá.“ Þessi niðurstaða var tilkynnt ákærða Stefáni í bréfi byggingarfulltrúa 10. október 1990 og tekið fram, að byggingarleyfi yrði ekki veitt án leyfis frá Þingvallanefnd. Í bréfi byggingarfulltrúans frá 5. júní 1991 segir, að eftir þessa niðurstöðu hafi í desember 1990 verið teiknað annað hús 65,0 m<sup>2</sup>.

Samkvæmt bréfi Landmælinga Íslands 1. nóvember 1995 var flatarmál eldra húss mælt eftir loftmynd, sem tekin var 20. ágúst 1982, sem næst 67 m<sup>2</sup>, en þakskegg 30-35 cm. Verönd við húsið var sem næst 62 m<sup>2</sup>.

Hinn 21. maí 1991 sendi lögmaður Þingvallanefndar fyrir hennar hönd byggingarfulltrúanum símskeyti og greindi frá því, að þjóðgarðsverði hefði verið tilkynnt, að bygging sumarbústaðar væri hafin á lóðinni án allra leyfa. Var því beint til byggingarfulltrúa, að hann gerði viðeigandi ráðstafanir „vegna þessara heimildarlausu byggingarframkvæmda, sbr. 31. gr. byggingarlaga nr. 54/1978“.

Fyrir dómi kvaðst þjóðgarðsvörður hafa farið á staðinn, um leið og honum varð kunnugt um framkvæmdirnar, en hann taldi, að húsið hefði þá væntanlega verið fókelt. Byggingarfulltrúi sagði fyrir dómi, að hann hefði fyrst orðið var við, að framkvæmdir væru hafnar, 21. maí 1991, en þá hefði hann fengið skeyti þess efnis, og auk þess hefði fulltrúi lögmanns Þingvallanefndar talað við sig í síma. Enn fremur hefði þjóðgarðsvörður haft samband við sig. Byggingarfulltrúinn kvaðst þá hafa farið á vettvang, tekið myndir af bústaðnum og beðið ákærða Stefán að stöðva framkvæmdir. Hafi það verið gert. Í lögregluskýrslu 9. desember 1991 sagði hann, að samkvæmt mælingu hefði bústaðurinn reynst vera 128,7 m<sup>2</sup>. Fyrir dómi kvaðst byggingarfulltrúi hafa leyft áframhaldandi framkvæmdir til þess að verja húsið skemmdum, ef svo færi, að samningar næðust við bygg-

ingaryfirvöld. Daginn eftir, 22. maí, sendi byggingarfulltrúi ákærða Stefáni ábyrgðarbréf, þar sem með vísan til 31. gr. byggingarlaga var lagt fyrir hann að stöðva allar framkvæmdir við bústaðinn, þar til byggingarnefnd hreppsins og Þingvallanefnd hefðu fjallað um málið.

Málið kom fyrir Þingvallanefnd 23. maí 1991. Í fundargerð er bók- að, að þjóðgarðsvörður hafi afhent ljósrit af bréfi lögmanns 22. maí 1991. Í því væri greint frá „heimildarlausum byggingarframkvæmdum á lóð einni í Kárastaðalandi“. Síðan stóð í bókuninni: „Málið er í höndum byggingaryfirvalda Þingvallahrepps.“

Hinn 4. júní 1991 kom málið fyrir byggingarnefnd Þingvallahrepps. Efni fundargerðar er rakið í héraðsdómi, en niðurstaðan varð sú, að ákærða Stefáni var veittur frestur til 1. ágúst 1991 til að færa húsið í löglegt horf. Þetta var ákærðu Kolbrúnu tilkynnt með bréfi 5. júní 1991. Lýkur bréfinu með því, að farið verði með málið að hætti opinberra mála, ef ekki verði orðið við tilmælum nefndarinnar. Þessu svaraði ákærða Kolbrún með bréfi 12. júní 1991 og lýsti sig reiðubúna til að minnka sumarhús sitt um 10 m<sup>2</sup> og fjarlægja úti-geymslu þegar í stað.

Á fundi Þingvallanefndar 23. júlí 1991 „kynnti byggingarfulltrúi aðgerðir vegna heimildarlausra byggingarframkvæmda í Kárastaðalandi. . . . Málið var rætt og lögmanni og byggingarfulltrúa þökkud skjót viðbrögð, er þjóðgarðsvörður komst á snoðir um athæfi þetta á liðnu vori. Þingvallanefndarmenn lýstu einróma stuðningi við byggingarfulltrúa og byggingarnefnd, sbr. bréf fulltrúa til málsaðila, Kolbrúnar Guðmundsdóttur, dags. 5. júní 1991.“

Samkvæmt minnisblaði byggingarfulltrúa fór hann að Kárastöðum 19. ágúst 1991 og hitti ákærða Stefán, þar sem hann var að smíða við þriðja mann. Byggingarfulltrúi bað hann hætta og tók myndir af framkvæmdum. Lagði hann fyrir ákærða Stefán að bíða eftir næsta fundi byggingarnefndar, og fengi hann þá bréf.

Lögmaður byggingarfulltrúa ritaði ákærðu Kolbrúnu bréf 23. október 1991. Þar segir, að hún hafi „brotið 9. gr. byggingarlaga nr. 54/1978“ og jafnframt þverbrotið reglur um stærð sumarhúsa í Þingvallahreppi. Kynni því hús það, sem hún hafi byggt við Þingvallavatn á árinu ásamt baðhúsi, að verða rífið án frekari fyrirvara samkvæmt 31. gr. byggingarlaga. Jafnframt yrði málið kært til ríkissak-

sóknara. Í bréfinu var að lokum vísað til bréfa, sem byggingarfulltrúi hefði ritað ákærðu og hún algerlega hundsað, og yrði því ekki komist hjá að beita hinum hörðu ákvæðum laganna. Þessu svaraði þáverandi lögmaður ákærðu Kolbrúnar í bréfi 4. nóvember 1991. Þar segir, að horfið hafi verið frá byggingaráformum, þegar leyfi fékkst ekki, og í þess stað ákveðið að endurbyggja þann bústað, sem fyrir var á landinu, en stærð hans hafi verið langt umfram núgildandi heimildir. Rætt hafi verið við þáverandi formann Þingvallanefndar, sem hefði ekki talið tórmerki á framkvæmdum. Ákærða væri reiðubúin til að breyta stærð á verönd í samráði við byggingarfulltrúa. Um afskipti byggingarfulltrúa var annars tekið fram í bréfinu, að öllum frágangi framkvæmda hefði verið lokið, þegar til þeirra kom, en nauðsynlegt hefði verið að ljúka framkvæmdum innan húss til að koma í veg fyrir, að verðmæti færu förgörðum.

Hinn 18. nóvember 1991 kærði lögmaður byggingarfulltrúa ákærðu Kolbrúnu fyrir hans hönd til ríkissaksóknara fyrir ætlað brot hennar á byggingarlögum nr. 54/1978 og á lögum um friðun Þingvalla nr. 59/1928. Lögmaður ákærðu mun hafa svarað með bréfi 25. nóvember 1991 og ítrekað, að ekki hefði annað verið gert en að endurbyggja gamalt hús. Þessu andmælti lögmaður byggingarfulltrúa og benti á, að búast mætti við, að byggingarfulltrúi léti fjarlægja hluta hússins, sbr. 31. gr. byggingarlaga.

Ríkissaksóknari sendi kæru lögmanns byggingarfulltrúa til sýslumannsins í Árnessýslu með bréfi 3. desember 1991 og óskaði, að málið yrði tekið til rannsókna. Byggingarfulltrúi gaf rannsóknardeild lögreglunnar í Árnessýslu skýrslu 9. desember 1991. Ákærðu, Kolbrún og Stefán, gáfu skýrslur fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins 2. mars 1992. Loks gaf lögreglufulltrúi við sýslumannsembættið í Árnessýslu upplýsingaskýrslu í málinu 7. apríl 1992. Virðist lögreglurannsókn þá hafa lokið.

Hinn 5. febrúar 1992 rituðu ákærðu, Kolbrún og Stefán, Þingvallanefnd bréf og héldu því þar fram, að nefndin hefði veitt þeim leyfi til að endurbyggja hús það, sem fyrir hefði verið, þótt ekki hefði það verið gert með formlegum hætti. Fóru þau fram á, að nefndin veitti skriflegt leyfi fyrir húsinu, eins og það væri orðið. Bréfið var tekið fyrir á fundi í Þingvallanefnd 13. maí 1992. Var



málavöxtum lýst og þess getið, að mál ákærðu væri í höndum ríkissaksóknara. Málið kæmi ekki til kasta Þingvallanefndar, fyrr en það hefði farið rétta boðleið. Þessi umfjöllun var þeim tilkynnt með bréfi 4. júní 1992.

Á fundi hreppsnefndar Þingvallahrepps 2. maí 1992 var samþykkt að leggja dagsektir á ákærðu Kolbrúnu vegna ólögsmæts sumarhúss samkvæmt heimild í 36. gr. byggingarlaga, sbr. byggingarreglugerð. Févítið var ákveðið 3.500 krónur „fyrir hvern dag, sem hið ólögsmæta ástand varir eftir 1. maí 1992“. Þessari ákvörðun mótmælti lögmaður ákærðu í bréfi 11. maí 1992 með vísan til áþekkra röksemda og hann hafði áður beitt og lét í ljós þá von, að dagsektir yrðu felldar niður. Á fundi hreppsnefndar 23. júní 1992 var ákvörðunin staðfest og lögfræðingi hreppsins falin innheimta févítisins.

Hinn 25. ágúst 1992 var í Þingvallanefnd gerð grein fyrir stöðu mála um sumarhús ákærðu Kolbrúnar, sem væri til meðferðar hjá ríkissaksóknara. Var lögmanni falið að safna gögnum um samninga og gefa skýrslur um sumarbústaðamál og senda nefndinni. Aftur kom málið fyrir fund í Þingvallanefnd 5. nóvember 1992. Voru nefndarmenn á því máli, að affarasælust yrði, að einhverju samkomulagi yrði náð um að gera breytingar á húsinu, án þess að forðæmi yrði gefið. Nefndarmenn voru sammála um að hlutast ekki til um málið að svo komnu og láta aðila frekar um að hnika málum.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að neitt hafi gerst, fyrr en fundur var haldinn á Selfossi 9. september 1993. Fundinn sátu byggingarfulltrúi ásamt lögmanni sínum, ákærðu bæði ásamt lögmanni og tæknifræðingi þeim, sem gert hafði uppdrátt að hinu umdeilda húsi. Tilefni fundarins var að huga að því, hvernig leysa mætti ágreiningsmál ákærðu Kolbrúnar og byggingaryfirvalda í Þingvallahreppi og fá samþykktar teikningar af húsinu. Var ákveðið að til lögu byggingarfulltrúa að senda inn nýjar teikningar með þeim breytingum, að geymsla ásamt „sauna“-baði yrði flutt inn í húsið og settur yrði upp veggur, er skipti því. Yrði flatarmál íveruhússins þannig 96,91 m<sup>2</sup>, en geymslu og „sauna“-baðs 28,84 m<sup>2</sup>. Í bréfi 28. september 1993 var ákærðu Kolbrúnu tilkynnt, að byggingarnefnd Þingvallahrepps hefði á fundi 27. sama mánaðar ekki getað felld sig við, að breytingartillagan væri minnkun á húsinu, og vísaði því málinu frá sér til hreppsnefndar.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, verður ekki annað séð en allt hafi verið með kyrrum kjörum, þar til lögmaður ákærðu Kolbrúnar sótti um byggingarleyfi til byggingaryfirvalda í Þingvallahreppi með bréfi 8. september 1994. Var skírskotað til þess, að með reglugerð nr. 371/1994 hefði byggingarreglugerð nr. 177/1992 verið breytt á þann veg, að víkja mætti frá ákvæðum um stærð sumarbústaða, ef aðstæður gæfu sérstakt tilefni til. Með þessu hefðu byggingaryfirvöld fengið rýmri heimildir en áður til að veita ákærðu Kolbrúnu leyfi til þeirra endurbóta og stækkunar, sem hún hafi látið gera á sumarhúsi sínu. Umsókn þessari fylgdi breytt teikning til samþykktar eða synjunar, sem hafði verið gerð í ágúst 1994. Samkvæmt því var flatarmál húss 89,29 m<sup>2</sup> og flatarmál „gufu/geymslu“ 36,46 m<sup>2</sup>, en flatarmál húss samtals 125,75 m<sup>2</sup>. Jafnframt yrði fjarlæggt af lóðinni 18,4 m<sup>2</sup> hús, sem við kaup ákærðu Kolbrúnar á eigninni var notað sem vélarhús. Loks var boðin fram 1.500.000 króna greiðsla vegna kostnaðar, sem hreppurinn hefði orðið fyrir vegna máls þessa.

Umsókn ákærðu var tekin fyrir á fundi byggingarnefndar Þingvallahrepps 3. nóvember 1994, og var þetta bókað um afgreiðslu málsins: „Sáttartillaga. Sumarhús úr timbri, 3040-0070-01, Neðristígur, Kárastaðir. Eig. Kolbrún Guðmundsd. . . . Stærð, 89,3 m<sup>2</sup>, viðbyggð geymsla og bað 36,5 m<sup>2</sup>, – 440,0 m<sup>3</sup>. Meiri hluti byggn. er sáttur við þessa sáttartillögu og vísar málinu til hreppsnefndar.“

Hreppsnefnd fjallaði um umsókn ákærðu Kolbrúnar á fundi sínum 16. nóvember 1994. Á þeim fundi var ákveðið að óska eftir afstöðu Þingvallanefndar til erindisins og það sent nefndinni til umsagnar með bréfi sama dag. Þingvallanefnd mun hafa svarað með bréfi 25. janúar 1995 þess efnis, að hún vildi ekki taka afstöðu, fyrr en fyrir lægi afstaða hreppsnefndar.

Málið var nú tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 13. febrúar 1995, og var þá þetta bókað: „Hreppsnefndin er mótfallin því, að bygging sumarhúss Kolbrúnar verði samþykkt, þar sem byggingunni var lokið í trássi við vilja byggingaryfirvalda og án tilskilinna leyfa. Hreppsnefndin vill, áður en endanleg afstaða er tekin í þessu máli, leita álits Þingvallanefndar um það, hvort nefndin vilji styðja afstöðu hreppsnefndarinnar. Lögmonnum hreppsins er falið að tilkynna Þingvallanefnd um þessa afstöðu og óska á ný umsagnar

nefndarinnar.“ Málið var sent Þingvallanefnd á nýjan leik með bréfi 15. febrúar 1995. Svar Þingvallanefndar barst með bréfi 28. mars sama ár. Þar sagði, að á fundi hennar 27. mars hefði komið fram, að nefndin vildi ekki ganga gegn afstöðu hreppsnefndar, sem lýst sé í bréfi hennar frá 15. febrúar 1995, varðandi sumarbústað við Neðri- stíg 7 í Kárastaðalandi. Á hinn bóginn vildi Þingvallanefnd vekja athygli á því, að hún teldi, að leita bæri samkomulags í þessu máli, og hvetti hreppsnefnd til að beita sér fyrir því.

Lögmaður ákærðu Kolbrúnar sendi umhverfisráðuneytinu erindi, sem barst ráðuneytinu 6. apríl 1995. Var þar vakin athygli á, að ágreiningur væri milli byggingarnefndar og hreppsnefndar Þingvallahrepps um afgreiðslu á umsókn ákærðu Kolbrúnar um byggingarleyfi. Sendi umhverfisráðuneytið byggingarnefnd Þingvallahrepps bréf 19. apríl 1995, og sagði þar meðal annars: „Með vísun til 7. mgr. 8. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 og í ljósi þeirra augljósu hagsmuna, sem eigandi umrædds sumarhúss hefur af því að fá svör við umsókn sinni frá 8. 9. 1994 um byggingarleyfi fyrir húsinu, telur ráðuneytið sig ekki eiga annarra kosta vöð en að úrskurða um þann ágreining, sem uppi er milli byggingarnefndar og hreppsnefndar um veitingu leyfisins.“ Í bréfi lögmanna Þingvallahrepps 2. maí 1995 til umhverfisráðuneytisins var því andmælt, að ágreiningur væri milli byggingarnefndar og hreppsnefndar. Til viðbótar því, sem þegar hefur verið lýst um gang málsins, sagði í bréfinu, að málið hefði verið tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 11. apríl 1995 og þar bókað, sem hér fer á eftir: „Ákveðið er að fela lögmönnum hreppsins að senda málið til skipulagsstjóra ríkisins til afgreiðslu og auglýsingar í samræmi við lið 6. 10. 7. 6. í byggingarreglugerð nr. 177/1992, sbr. reglug. nr. 371/1994.“ Í framhaldi af þessari ákvörðun hefði hreppsnefnd Þingvallahrepps sent málið Skipulagi ríkisins til umsagnar og auglýsingar.

Í bréfinu frá 2. maí 1995 var einnig tekið fram, að á það hefði verið lögð áhersla af hálfu hreppsnefndarinnar, að málið hefði verið til meðferðar hjá henni, frá því að umsókn ákærðu barst. Ekki hefði verið tekin endanleg afstaða til hennar. Málið væri nú til umsagnar hjá Skipulagi ríkisins. Byggingarnefnd hefði að vísu lýst vilja til, að sættir tækjust í málinu, og sú ósk einnig borist frá Þingvallanefnd.

Endanlegrar afstöðu hreppsnefndar sé ekki að vænta fyrir en að lokinni meðferð Skipulags ríkisins.

Ekki hefur enn komið til þess, að umhverfisráðuneyti kvæði upp úrskurð í málinu. Hefur Skipulag ríkisins ekki heldur lokið meðferð þess fyrir sitt leyti.

Hinn 22. júní 1995 gaf ríkissaksóknari út ákæru í málinu.

## II.

Ákærða Kolbrún er lóðarleiguhafi og þinglýstur eigandi hins umdeilda sumarhúss og annarra mannvirkja. Hún vissi af framkvæmdum og að byggingaryfirvöld í Þingvallahreppi höfðu aldrei veitt leyfi fyrir mannvirkjum þessum. Henni bar því að sjá til þess, að þau risu ekki án tilskilinna leyfa, þótt eigenmaður hennar hefði ráðið gangi framkvæmda.

Ákærði Stefán er eigenmaður ákærðu Kolbrúnar. Stjórnaði hann öllum framkvæmdum við húsbygginguna. Eins og áður er rakið, var honum synjað um byggingarleyfi á fundi byggingarnefndar Þingvallahrepps 9. október 1990. Þrátt fyrir það hóf hann framkvæmdir, svo að 21. maí 1991 stóð á lóðinni hús nær fokhelt, sem var að flatarmáli 128,7 m<sup>2</sup>, rúmlega helmingi stærra en vera mátti samkvæmt byggingarreglugerð og lóðarleigusamningi. Þá var lagt fyrir hann að stöðva allar framkvæmdir með vísan til 31. gr. byggingarlaga, og í bréfi 5. júní 1991 fékk hann fyrirmæli um að færa húsið í löglegt horf fyrir 1. ágúst sama ár. Viðbrögðin urðu þau, að ákærða Kolbrún lýsti sig reiðubúna til að minnka húsið um 10 m<sup>2</sup> og fjarlægja úti-geymslu. Hinn 19. ágúst 1991 var ákærði að smíðum við þriðja mann. Þrátt fyrir viðvaranir og bönn byggingaryfirvalda og eigin loforð um að láta af framkvæmdum hélt ákærði Stefán áfram smíðinni, uns lögmaður byggingarfulltrúa sendi ríkissaksóknara kæru í bréfi 18. nóvember 1991, en þá mun smíði hússins að mestu eða öllu leyti hafa verið lokið.

Með þessari háttsemi hafa ákærðu brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem greind eru í ákæru, nánar tiltekið 4. mgr. 2. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 59/1928 um friðun Þingvalla, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1982, og 1. mgr. 9. gr., sbr. 35. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, og þágildandi byggingarreglugerð nr. 292/1979.

Við ákvörðun refsiviðurlaga ber að taka mið af því, að ákærði

Stefán sýndi einbeittan ásetning, þegar hann hélt áfram framkvæmdum þrátt fyrir viðvaranir og fyrirmæli um að stöðva framkvæmdir og færa þær í löglegt horf, sem hann reyndar lofaði að gera. Með því hefur ákærði Stefán vísvitandi sniðgengið framangreind lög og reglur. Á hitt er einnig að líta, að byggingaryfirvöld beittu ekki þeim úrræðum, sem til boða standa í 31. gr. byggingarlaga, að kalla til lögreglu 21. maí 1991 í því skyni að stöðva framkvæmdir og nema brott þau mannvirki, sem reist höfðu verið án heimildar, þegar ljóst var, að ákærði hafði byggt húsið án leyfis. Til þessara úrræða hefði verið rétt að grípa þá þegar, en þó alls ekki síðar en 19. ágúst 1991, þegar á daginn kom, að ákærði Stefán lét ekki segjast.

Málið var, eins og fyrr greinir, kært til ríkissaksóknara 18. nóvember 1991. Lögreglurannsókn fór fram á tímabilinu 9. desember 1991 til 7. apríl 1992. Ekkert var síðan aðhafst af hálfu ákæruvalds, fyrr en ákæra var gefin út 22. júní 1995 og birt ákærðu 21. ágúst sama ár, rúmum þremur árum eftir, að lögreglurannsókn lauk. Meðan málið lá hjá ríkissaksóknara, gekk það milli byggingarnefndar Þingvallahrepps, hreppsnefndar og Þingvallanefndar, eins og lýst er hér að framan, uns meiri hluti byggingarnefndar tók afstöðu til sáttatillögu 3. nóvember 1994 og vísaði málinu til hreppsnefndar, án þess að hún tæki endanlega afstöðu.

Þessi mikli dráttur á meðferð málsins af hálfu ákæruvalds er á engan hátt sök ákærðu, og hefur hann ekki verið réttlættur. Fer slík málsmeðferð í bága við 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 138. gr. áðurgildandi laga nr. 74/1974 um sama efni og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, 1. gr., svo og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. laga nr. 97/1995.

Samkvæmt 35. gr. byggingarlaga eru refsiviðurlög fyrir brot gegn þeim lögum sektir, en samkvæmt 8. gr. laga um friðun Þingvallarvarða brot gegn þeim sektum, varðhaldi eða fangelsi. Eins og málavöxtum er háttað, verður að telja, að refsing ákærðu hefði ekki farið fram úr sektum. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fynnist sök á tveimur árum, þegar refsing sú, sem unnið er til, fer ekki fram úr sektum. Samkvæmt 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga skal telja fyrningarfrest frá þeim degi, er

refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi lauk. Rétt þykir, eins og hér stendur á, að miða lok refsiverðs verknaðar við fullframningu. Brot ákærðu var fullframið ekki síðar en 21. maí 1991, þegar byggingarframkvæmdir ákærðu uppgötvuðust og húsið var nær fókelt. Brotið er þess eðlis, að hið ólögmæta ástand hlýtur óhjákvæmilega að leiða af þeim verknaði, sem lýst er í refsíákvæðum þeim, er hér eiga við, til óákveðinnar frambúðar án frekari tilverknaðar brotamanns. Þykir því ekki unnt að miða upphaf fyrningarfrests við það, að hinu ólögmæta ástandi ljúki. Samkvæmt því er sök ákærðu fyrnd samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, enda rýfur lögreglurannsókn sú, sem stóð frá 9. desember 1991 til 7. apríl 1992 ekki fyrningu, sbr. 4. mgr. 82. gr. laganna. Ber að sýkna ákærðu af refsikröfum, sbr. 6. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 80. gr. þeirra taka þessi ákvæði einnig til sérrefsilaga.

### III.

Pótt sök sé fyrnd, haggar það ekki kröfu ákæruvalds um brott-nám mannvirkja, sbr. 6. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga.

Þegar málið hafði verið kært til ríkissaksóknara 18. nóvember 1991, gengu bréfaskipti milli ákærðu, byggingaryfirvalda Þingvallahrepps og Þingvallanefndar, og gerðist ekki annað en að dagsektir voru lagðar á, sem ákærðu greiddu 30. mars 1995, að fjárhæð 1.016.202 krónur. Þingvallanefnd taldi þó affarasælast að leita eftir samkomulagi um breytingar á hinu umdeilda sumarhúsi. Loks gerði meiri hluti byggingarnefndar hreppsins ályktun 3. nóvember 1994, sem verður ekki skilin öðruvísi en sem samþykki við umsókn ákærðu Kolbrúnar um byggingarleyfi í bréfi lögmanns hennar 8. september 1994. Vísaði byggingarnefnd síðan málinu til hreppsnefndar, sem hefur ekki tekið endanlega afstöðu.

Í 6. mgr. 8. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 segir svo: „Hafi sveitarstjórn ekki tekið ályktun byggingarnefndar til afgreiðslu innan 2ja mánaða, frá því að hún var gerð, öðlast ályktunin gildi, enda hafi ákvæðum IV. kafla laganna verið fullnægt.“ Samkvæmt þessu ákvæði öðlaðist ályktun meiri hluta byggingarnefndar um samþykki á umsókn ákærðu um byggingarleyfi gildi 3. janúar 1995, þegar liðnir voru tveir mánuðir, frá því að ályktunin var gerð, án afgreiðslu

sveitarstjórnar á málefninu, enda stóðu ákvæði IV. kafla byggingarlaga, sem til er vitnað í umræddri 6. mgr. 8. gr., ekki því í vegi, að umsóknin yrði tekin til greina. Þar sem ákærðu hafa samkvæmt þessu fengið endanlega samþykktu umsókn um byggingarleyfi, verður hafnað kröfum ákæruvaldsins um brott nám mannvirkja að því leyti, sem þau samrýmast umsókn ákærðu. Breytir það ekki þessari niðurstöðu, að leyfi Þingvallanefndar er áskilið í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1928 til gerðar mannvirkja í landi Kárastaða í Þingvallahreppi og að ákærðu öfluðu ekki slíks leyfis, enda eru engin ákvæði í þeim lögum um brott nám mannvirkja, sem kunna að vera reist án leyfis nefndarinnar. Stendur þá aðeins eftir krafa ákæruvaldsins um brott nám svonefnds vélarhúss, 18,4 m<sup>2</sup> að stærð, sem verður tekin til greina, en til þess höfðu ákærðu boðist í umsókn um byggingarleyfi 8. september 1994. Í máli þessu verður hins vegar ekki fjallað að öðru leyti um skyldu ákærðu til að laga önnur mannvirki að samþykktu umsókn þeirra um byggingarleyfi.

Eftir þessum úrslitum málsins og samkvæmt 1. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 ber að fella á ríkissjóð allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Ákærðu, Stefán Örn Kristjánsson og Kolbrún Guðmundsdóttir, eru sýkn af refsikröfum ákæruvaldsins í málinu.

Fjarlægja ber svokallað vélarhús, 18,4 m<sup>2</sup> að stærð, af sumar-bústaðarlandi ákærðu Kolbrúnar að Neðristíg 7 í landi Kárastaða í Þingvallahreppi á kostnað beggja ákærðu, með niðurrifi, ef með þarf.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði, Þuríðar Jónsdóttur héraðsdómslögmanns, 90.000 krónur, og skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

## S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Ég er að öllu leyti samþykkur I. kafla í atkvæði annarra dómenda. Ég fellst einnig á þá niðurstöðu í II. kafla, að sök ákærðu vegna brota gegn lögum um friðun Þingvalla og byggingarlögum og byggingarreglugerð verði að teljast fyrnd. Hafi refsiverðum verknæði mátt teljast lokið, þegar endir varð á þeim húsasmíðum, sem ákærðu höfðu um hönd árið 1991. Á þetta eins við, þótt ætla verði, að frestun málsins í höndum ákæruvalds hljóti öðrum þræði að hafa verið tengd möguleikum þess að leita friðsamlegrar lausnar á máli ákærðu.

Á hinn bóginn get ég ekki fallist á, að efni séu til að hafna kröfu ákæruvaldsins um brott nám þeirra mannvirkja, sem ákærðu hafa reist. Þegar byggingarnefnd Þingvallahrepps fjallaði um síðbúna umsókn þeirra um byggingarleyfi á fundi 3. nóvember 1994, var hún tekin til skoðunar sem sáttartillaga, en ekki til venjulegrar afgreiðslu. Virðist auðsætt af bókun nefndarinnar og því, sem á eftir fór, að nefndin var ekki að ljúka afgreiðslu málsins fyrir sitt leyti, enda áttu ákærðu ekki sjálfkrafa rétt á því, að svo yrði gert á þessum fundi. Verður að líta svo á, að nefndin hafi viljað koma umsókninni á framfæri við hreppsnefnd og Þingvallanefnd, án þess að endanleg afstaða hennar lægi fyrir, og fór það ekki í bága við eðlilega stjórnsýsluhætti.

Af þessu leiðir, að sumarhús ákærðu stendur á lóð þess án nokkurs leyfis. Mál þetta er löglega höfðað til brottnáms þess og tilheyrandi mannvirkja, sbr. c-lið 2. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Eins og atvikum er háttað, verður að telja skylt að viðurkenna rétt til brottnámsins á grundvelli 31. gr. byggingarlaga og veita kost á að framfylgja honum, án þess að kveða þurfi á um, hversu nánar skuli á haldið í því efni. Samkvæmt því ber að taka brottnámskröfu ákæruvaldsins til greina að öllu leyti.

Rétt er eftir þessum úrslitum, að sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ákærðu að 2/3 hlutum, en að 1/3 hluta á ríkissjóð.



**Dómur Héraðsdóms Suðurlands 29. desember 1995.****I.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. nóvember sl., er höfðað hér fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. júní 1995, á hendur Stefáni Erni Kristjánssyni, kt. 220236-7069, og Kolbrúnu Guðmundsdóttur, kt. 020343-4439. Í ákæruskjali er ákæruatriðum lýst með eftirgreindum hætti:

„... fyrir brot á lögum um friðun Þingvalla nr. 59/1928, byggingarlögum nr. 54/1978 og byggingarreglugerð nr. 292/1979 með síðari breytingum með því að hafa árið 1991 reist 128,7 fermetra sumarhús, 18,4 fermetra bað- og geymsluhús, 82 fermetra göngubrú milli húsanna og verönd í kringum hús- ið, sem er 170 fermetrar að grunnmáli, í landi Kárastaða í Þingvallasveit án þess að hafa tilskilin leyfi Þingvallanefndar og byggingarnefndar Þingvalla- hrepps og í trássi við bann þessara stofnana.

Telst þetta varða við 4. mgr. 2. gr., sbr. 8. gr. laga um friðun Þingvalla nr. 59/1928, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1982 og 1. mgr. 9. gr., sbr. 35. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, sbr. byggingarreglugerð nr. 292/1979.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til að hlíta brott- námi nefnds sumarhúss, bað- og geymsluhúss, göngubrúar og verandar samkvæmt 31. gr. byggingarlaga“.

Ákærðu tóku til varnar í málinu, og sætti málið aðalmeðferð og mun- nlegum málflutningi samkvæmt 129. gr. laga nr. 19/1991.

— — —

Eins og að framan greinir, er ákæra í málinu gefin út 22. júní 1995, en dómariinn fékk málið hins vegar ekki til meðferðar fyrr en 15. ágúst s. á., og var þegar daginn eftir gefið út fyrirfall í málinu.

Dómariinn ásamt málflytjendum gekk á vettvang 18. október sl.

**II.**

Hinn 25. febrúar 1991 gaf Þingvallanefnd út lóðarleigusamning til ákærðu, Kolbrúnar, þar sem henni var leigð sumarbústaðarlóð í landi Kára- staða, Þingvöllum, til tíu ára frá 1. janúar 1990. Í leiguskilmálum er svo- hljóðandi ákvæði:

„Sumarbústaður sá, sem er eða verður reistur á lóðinni, skal í hvívetna vera í samræmi við ákvæði gildandi byggingarlaga og reglugerða um sumar- bústaði, þ. á m. gildandi sérákvæði byggingarsamþykktar fyrir Þingvalla- hrepp. Leigutaki er skyldur til þess að hlíta sérstökum ákvörðunum Þing- vallanefndar um málefni þjóðgarðsins, sem snerta hina leigðu lóð og mann- virkjagerð á henni. Sérhver mannvirkjagerð á hinni leigðu lóð er háð

fyrirframsamþykki byggingaryfirvalda Þingvallahrepps og Þingvallanefndar.“

Á lóðinni var gamalt 60 m<sup>2</sup> sumarhús, er ákærðu höfðu keypt 11. júlí 1990. Fengu þau afsal fyrir því 18. febrúar 1992 og þinglýstu afsalinu og lóðarleigusamningnum stuttu síðar. Upplýst er, að ákærði, Stefán, sótti þegar árið 1990 um leyfi til byggingarnefndar Þingvallahrepps um að fá að reisa sumarhús í stað þess, sem á lóðinni var. Sú umsókn var tekin til afgreiðslu hjá byggingarnefndinni, en var hafnað, eins og fram kemur í bréfi byggingarfulltrúa til ákærða, dagsettu 10. október 1990, en bréfið er svohljóðandi:

„Á fundi í byggingarnefnd 9/10 1990 var tekin fyrir teikning þín af sumarhúsi á Kárastöðum. Þar sem húsið fer í 83,6 m<sup>2</sup>, er leyfið ekki veitt án leyfis frá Þingvallanefnd.“

Hinn 21. maí 1991 sendir lögmaður Þingvallanefndar í nafni nefndarinnar byggingarfulltrúa símskeyti. Þar kemur fram, að framkvæmdastjóra Þingvallanefndar hafi verið kynnt, að hafið væri bygging sumarbústaðar á lóðinni. Í skeytinu segir síðan:

„... Þingvallanefnd hefur hvorki borist umsókn um byggingu þessa né er nefndinni kunnugt um það, að hún hafi verið samþykkt af byggingaryfirvöldum Þingvallahrepps, en fyrir fram veitt samþykki beggja þessara aðila er bæði áskilið í leigusamningi um lóð þessa og byggingarlögum nr. 54/1978, 9. gr. Þingvallanefnd beinir því hér með til yðar, að þér gerið viðeigandi ráðstafanir vegna þessara heimildarlausu byggingarframkvæmda, sbr. 31. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.“

Heimir Steinsson, sem var framkvæmdastjóri Þingvallanefndar og þjóðgarðsvörður til septemberloka 1991, kvaðst hafa farið á staðinn, er athygli sín hafði verið vakin á byggingunni. Taldi hann, að húsið hefði þá verið fókelt. Gerði Heimir byggingarfulltrúa viðvart, og hefur Hilmar Einarsson byggingarfulltrúi upplýst, að hann hafi þá þegar farið á staðinn og tekið myndir af bústaðnum og beðið ákærða, Stefán, að stöðva framkvæmdir. Hafi Stefán tekið vel í það. Byggingarfulltrúinn mældi upp bústaðinn, og reyndist hann vera 128,7 m<sup>2</sup>, eins og fram kemur í ákæru.

Daginn eftir, 22. maí 1991, sendi byggingarfulltrúi ákærða, Stefáni, ábyrgðarbréf, þar sem hann krefst þess á grundvelli 31. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, að ákærði stöðvi allar byggingarframkvæmdir, þar til byggingarnefnd hreppsins og Þingvallanefnd hafi fjallað um málið. Lét byggingarfulltrúinn fylgja bréfi sínu ljósrít af 31. gr. laganna.

Á fundi byggingarnefndar 4. júní 1991 kemur fram, að ákærði, Stefán, hafi í óleyfi byggt 128,7 m<sup>2</sup> sumarhús á lóðinni. Síðan er eftirfarandi bókað:

„... Byggingarnefnd samþykkir að gefa Stefáni kost á að breyta húsinu í

sem næst 60 m<sup>2</sup> og leggja fram teikningu að nýju húsi. Fjarlægja þarf skúr, sem er á lóðinni. Nefndin óskar, að umsækjandi hafi samband við hana um framkvæmd verksins. Nefndin gerir athugasemd við verönd, sem er stór og viðamikil, og óskar eftir teikningu af nýrri verönd ... Verði handhafi lóðarinnar ekki við þessum tilmælum, verður beitt viðurlögum byggingarreglugerðar nr. 31 (sic). Umsækjanda er veittur frestur til 1. ágúst til að ganga frá málum sínum við byggingarnefnd Þingvallahrepps.“

Í bréfi, er byggingarfulltrúi sendi ákærða daginn eftir, þ. e. 5. júní 1991, rekur hann málsatvik og tilkynnir ákærða, hver afstaða nefndarinnar sé til málsins, og er sá kafli bréfsins svohljóðandi:

„... Í júlí 1990 er teiknað 83,6 m<sup>2</sup> hús á lóðina. Sú teikning er tekin fyrir á fundi 9/10 1990 og hafnað, þar sem húsið þótti of stórt. Þá er teiknað annað hús í des. 1990, og er það 65,0 m<sup>2</sup>. Gamla húsið var 60–65 m<sup>2</sup>. Áður en tókst að samþykkja 65 m<sup>2</sup> húsið, er svo reist allt öðruvísi hús og það 128,7 m<sup>2</sup> auk útigeymslu eða baðhúss, sem er 18,4 m<sup>2</sup>. Þetta þykir nefndinni gróflega á sér brotið og krefst þess, að húsið verði minnkað og lögð fram teikning að 60–65 m<sup>2</sup> húsi. Geymsluhúsið verði fjarlægt og dregið úr stærð verandar ... Frestur til að ganga frá þessu máli er veittur til 1. ágúst 1991. Ef ekki er orðið við þessum tilmælum, verður farið með málið að hætti opinberra mála samkvæmt 31. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.“

Hér fyrir dómi hefur Hilmar Einarsson byggingarfulltrúi upplýst, að hann hafi nokkrum dögum áður en hann skrifaði bréfið, farið á vettvang og þá mælt m. a. stærð hússins. Ekki er annað að sjá en Þingvallanefnd hafi stutt afstöðu sveitarstjórnaryfirvalda í málinu, en 25. september 1991 ritar Heimir Steinsson, þjóðgarðsvörður og framkvæmdastjóri Þingvallanefndar, Hilmar Einarssyni byggingarfulltrúa bréf, þar sem fram kemur, að sumarið 1991 hafi Þingvallanefnd tvívegis fjallað um byggingarframkvæmdir ákærðu á lóðinni. Kemur þar fram, að á 277. fundi nefndarinnar hafi þjóðgarðsvörður greint nefndarmönnum frá fyrstu aðgerðum í málinu og lagt fram bréf lögmanns nefndarinnar frá 22. maí 1991. Síðan segir:

„... Fram kom á fundinum, að málið væri í höndum byggingaryfirvalda Þingvallahrepps.“

Þá er í bréfinu sagt frá því, að á 278. fundi nefndarinnar hafi málið verið rætt öðru sinni og Hilmar Einarsson byggingarfulltrúi kynnt aðgerðir vegna framkvæmdanna. Hafi nefndin síðan ályktað eftirfarandi:

Þingvallanefndarmenn lýstu einróma stuðningi við byggingarfulltrúa og byggingarnefnd, sbr. bréf fulltrúa til málsaðila, Kolbrúnar Guðmundsdóttur, dagsett 5. júní 1991.“

Viðbrögð ákærðu við bréfi og kröfum yfirvalda voru þau, að ákærða,

Kolbrún, sendi byggingarfulltrúa bréf, dagsett 12. júní 1991, og býðst þar til að minnka sumarhúsið um 10 m<sup>2</sup> og fjarlægja útgeymslu þá þegar.

### III.

Með bréfi, dagsettu 18. nóvember 1991, kærir Ólafur Björnsson héraðs-dómslögmaður, lögmaður Þingvallahrepps, málið til ríkissaksóknara. Upphaf kærubréfsins er svohljóðandi:

„Til okkar hefur leitað byggingarfulltrúi uppsveita Árnassýslu og falið okkur að kæra til refsingar Kolbrúnu Guðmundsdóttur ... vegna ætlaðs brots hennar á byggingarlögum nr. 54/1978 og brots á lögum um friðun Þingvalla nr. 59/1928 ...“

Í kærinni er málavöxtum síðan lýst, en síðan segir:

„... Þann 23. október sl. skrifuðu undirritaðir bréf til kærðu, þar sem henni er tilkynnt, að húsið verði fjarlægt á hennar kostnað í samræmi við ákvæði 31. gr. byggingarlaga. Engin viðbrögð urðu við því bréfi, en framkvæmdum var haldið áfram, og mun húsið nú vera fullbúið. Af ofangreindum ástæðum er Kolbrún kærð til refsingar, og er þess óskað, að mælt verði fyrir um rannsókn málsins, um aðstoð lögreglu við byggingarfulltrúa við brottám hins ólögmæta ástands ... Hjalagt fylgir ljósrit af gögnum málsins.“

Af hálfu ákærvalds var ekki brugðist við kærinni fyrr en rúmlega þremur og hálfu ári síðar með útgáfu ákæru, sem er, eins og að framan greinir, dagsett 22. júní 1995. Á tímabilinu gerðist þó ýmislegt, sem þýðingu þykir hafa fyrir málið, og hafa af hálfu málsaðila verið lögð fram gögn, er sýna það. Verður þeirra nú að nokkru getið. Rétt þykir þó áður að geta þess, að 12. maí 1992 ákvað hreppsnefnd Þingvallahrepps að leggja dagsektir á ákærðu, Kolbrúnu, á grundvelli 36. gr. byggingarlaga, og skyldu sektirnar nema 3.500 krónum á dag frá 1. maí 1992 til þess dags, er hinu ólögmæta ástandi væri aflétt. Áður, þ. e. 5. febrúar 1992, rituðu ákærðu Þingvallanefnd bréf, þar sem farið var fram á, að nefndin staðfesti með formlegum hætti, að þau hefðu haft heimild til að endurbyggja sumarhús á lóðinni. Bréfið, sem stílað var á þáverandi formann Þingvallanefndar, Björn Bjarnason alþingismann, var tekið fyrir á fundi Þingvallanefndar 13. maí 1992 og afgreitt með eftirfarandi ályktun:

„... Þingvallanefnd mun ekkert álykta um málið, fyrr en lyktir verða í kærumáli byggingarfulltrúa uppsveita Árnassýslu gegn Kolbrúnu Guðmundsdóttur, sem er til meðferðar hjá embætti ríkissaksóknara.“

Hinn 9. september 1993 hitta ákærðu lögmenn Þingvallahrepps ásamt lögmanni sínum. Auk þeirra eru þar einnig byggingarfulltrúi, Hilmar Ein-

arsson, og hönnuður hússins, Sigurður Kjartansson, og virðist þetta hafa verið eins konar sáttafundur. Lauk honum svo, að ákveðið var, að ákærða, Kolbrún, sendi inn nýjar teikningar, er sýndu tilteknar breytingar á sumarhúsi, án þess að stærð íveruhússins breyttist sem neinu næmi.

Hinn 8. september 1994 ritar lögmaður ákærðu, Kolbrúnar, byggingaryfirvöldum í Þingvallahreppi bréf. Er þar m. a. vísað til þess, að byggingarreglugerð nr. 177/1992 hafi verið breytt með reglugerð nr. 371 frá 24. júní 1994. Í bréfinu segir síðan:

„... Hér er komin víðtækari heimild fyrir háttvirt byggingaryfirvöld, sem gæti gert þeim kleift að veita umbjóðanda mínum byggingarleyfi vegna þeirra endurbóta og stækkunar, sem hún lét framkvæma á sumarhúsi sínu ...“

Síðar í bréfinu segir síðan:

„... Þá er hér með lögð fyrir að nýju breytt teikning að sumarhúsi umbjóðanda míns til samþykktar eða synjunar, gerð af hönnuði hússins, Sigurði Kjartanssyni hjá ES-teiknistofunni, frá í ágúst 1994, sbr. meðf. fskj. nr. 2. Þar er flatarmál sumarhúss 89,29 fermetrar, flatarmál gufu/geymslu 36,46 fermetrar, flatarmál húss samtals 125,75 fermetrar. Jafnframt myndi 18,4 fermetra hús, sem við kaup umbjóðanda míns á eigninni var notað sem vélarhús, verða fjarlægð af lóðinni ...“

Byggingarnefnd Þingvallahrepps tók umsókn ákærðu, Kolbrúnar, til meðferðar á fundi 3. nóvember 1994, og hlaut hún samþykki meiri hluta nefndarmanna og málinu þannig vísað til hreppsnefndar.

Vegna fyrirspurnar frá lögmanni Kolbrúnar upplýsa lögmenn Þingvallahrepps, að hreppsnefnd hafi tekið málið fyrir á fundi 13. febrúar 1995 og eftirfarandi bókun þá verið gerð:

„Hreppsnefnd er mótfallin því, að bygging sumarhúss Kolbrúnar verði samþykkt, þar sem byggingunni var lokið í trássi við vilja byggingaryfirvalda og án tilskilinnna leyfa. Hreppsnefnd vill, áður en endanleg afstaða er tekin í þessu máli, leita álits Þingvallanefndar um það, hvort nefndin vilji styðja afstöðu hreppsnefndarinnar. Lögmönnum hreppsins er falið að tilkynna Þingvallanefnd um þessa afstöðu og óska á ný umsagnar nefndarinnar.“

Með bréfi, dagsettu 28. mars 1995, upplýsir formaður Þingvallanefndar, hvaða afstöðu Þingvallanefnd hafi tekið til málsins. Þar kemur þetta fram:

„Á fundi Þingvallanefndar 27. mars 1995 kom fram, að nefndin vill ekki ganga gegn afstöðu hreppsnefndar, sem lýst er í bréfi hennar frá 15. febrúar 1995, um sumarbústað við Neðristíg 7 í Kárastaðalandi. Á hinn bóginn vill Þingvallanefnd vekja athygli á því, að hún telur, að leita beri samkomulags í þessu máli, og hvetur hreppsnefnd til að beita sér fyrir því.“

Með bréfi, dagsettu 6. apríl 1995, fer lögmaður Kolbrúnar fram á það við umhverfisráðuneytið, að það taki til meðferðar ágreining, sem lögmaðurinn telur vera á milli byggingarnefndar og hreppsnefndar Þingvallahrepps um afgreiðslu á umsókn ákærðu um byggingarleyfi frá 8. september 1994. Í bréfi, er ráðuneytið ritar formanni byggingarnefndar Þingvallahrepps, Ingólfi Guðmundssyni, dagsettu 19. apríl 1995, segir m. a.:

„... Með vísun til 7. mgr. 8. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 og í ljósi þeirra augljósu hagsmuna, sem eigandi umrædds sumarhúss hefur af því að fá svör við umsókn sinni frá 8. 9. 1994 um byggingarleyfi fyrir húsinu, telur ráðuneytið sig ekki eiga annarra kosta vöð en að úrskurða um þann ágreining, sem uppi er á milli byggingarnefndar og hreppsnefndar um veitingu leyfisins. Áður en til úrskurðar kemur, mun ráðuneytið leita umsagnar skipulagstjórnar ríkisins og gefa byggingarnefnd og hreppsnefnd kost á að tjá sig um málið og koma því að, sem nefndirnar telja skipta máli við úrlausn þess ...“

Gefur ráðuneytið byggingarnefndinni frest til 5. maí 1995 til að koma að athugasemdum sínum.

Ráðuneytið sendi formanni hreppsnefndar Þingvallahrepps, hins sama Ingólfs Guðmundssonar og áður getur, samhljóða bréf, og fær hreppsnefnd sama frest og byggingarnefnd.

Við meðferð málsins kom fram, að ekki væri vitað til þess, að ráðuneytið hefði úrskurðað í málinu.

Árið 1995 gerði hreppsnefnd fjárnám í sumarhúsinu og krafðist síðan nauðungarsölu á því, hvort tveggja vegna ógreiddrar dagsektarskuldar ákærðu, Kolbrúnar. Áður en til þess kom, að eignin yrði seld á uppboði, greiddi ákærða skuldina 30. mars 1995, en hún var þá að fjárhæð 1.016.202 krónur.

Við meðferð málsins lagði verjandi ákærðu fram gögn, sem hann taldi sýna, að Þingvallahreppur og Þingvallanefnd hefðu í einhverjum tilfellum leyft byggingu sumarhúsa í landi þjóðgarðsins, þó að þau væru stærri en 60 fermetra viðmiðunarmörk byggingarreglugerðar segðu til um. Taldi verjandi, að þetta sýndi óeðlilega mismunun við afgreiðslu mála hjá þessum yfirvöldum og að ekki hefði verið gætt jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga. Meðferð málsins þykir þó ekki renna stoðum undir þessa tilgátu, og þykja fram lögð gögn, er verjandi hefur aflað í þessu sambandi, ekki hafa þýðingu fyrir málið. Eins og síðar verður að vikið, kom greinilega fram við aðalmeðferð, að ekki er um það að ræða, að ákærðu hafi endurbyggt gamalt sumarhús, sem var á lóðinni og var 60 fermetrar að stærð.

## IV.

Ákærða, Kolbrún, kvaðst neita sök í málinu. Hún kannaðist við að hafa fengið bréf um það frá byggingaryfirvöldum í Þingvallahreppi, að bústaðurinn hefði verið byggður í leyfisleysi. Hún kvað eiginmann sinn hafa séð um bréfaskriftir í þessu sambandi, en staðfesti, að bréfið frá 12. júní 1991 væri frá sér komið. Hún kvaðst hafa látið málið alveg í hendur eiginmanni sínum. Hún kannaðist við að vera skráður eigandi að sumarhúsinu og þinglýstur eigandi þess. Hún viðurkenndi að hafa vitað, að Þingvallahreppur og Þingvallanefnd hefðu aldrei samþykkt mannvirkið.

Ákærði, Stefán Örn, neitaði einnig sök í málinu. Hann kannaðist við að hafa ráðist í byggingu sumarhússins, en taldi sig hafa haft munnlegt leyfi byggingarfulltrúa til framkvæmdanna, þ. e. að endurbyggja gamla sumarhúsið. Hann viðurkenndi að hafa gert sér ljóst, er hann byrjaði byggingarframkvæmdir, að byggingarnefnd hafði hafnað umsókn sinni frá 1990 um að reisa 83,6 m<sup>2</sup> sumarhús. Hann viðurkenndi að hafa ekki sótt um leyfi fyrir bústaðnum. Hann kvaðst hafa ráðið smíð og hlutverk hans verið að endurbyggja bústaðinn. Hann fullyrti, að bústaður sá, sem fyrir var á lóðinni, hefði verið rúmir 90 fermetrar. Hann kvað sumarhúsið hafa verið byggt upp, án þess að teikningar lægu fyrir, og hefðu þær ekki verið gerðar fyrir en árið 1993 eða 1994 og þá að beiðni byggingarfulltrúa. Hann kvaðst ekki hafa gert sér ljóst, að leyfi Þingvallanefndar þyrfti fyrir byggingarframkvæmdunum. Ekki kvaðst hann heldur hafa vitað, að lóðin væri innan þjóðgarðsins, og kvaðst ekki hafa lesið lóðarleigusamninginn fyrir en 1992, því að þá hefði hann fyrst séð hann. Ákærði, Stefán, kannaðist við að hafa fengið bréfið frá byggingarfulltrúanum um að stöðva framkvæmdir 22. maí 1991, og kvað hann sumarhúsið þá hafa verið fullbúið að utan, en eftir að glerja það og klæða að innan.

Er ákærði var spurður, hvort hann hefði farið eftir fyrirmælum byggingarfulltrúa og stöðvað framkvæmdir, svaraði hann: „Ja, nema það var sett, jú, gler þarna stuttu seinna, gler og hurðir, hann var búinn að gefa munnlegt leyfi til þess.“ Hann bætti við, að sér hefði verið bent á að hafa hita í húsinu, og því hefði um haustið verið settur hiti í bústaðinn. Hann viðurkenndi, að þegar í maí 1991 hefði hann gert sér grein fyrir, að byggingaryfirvöld teldu bústaðinn of stóran. Hann kvaðst gera sér grein fyrir, að í dag lægi það ekki fyrir, að hreppsnefnd né Þingvallanefnd leyfðu, að byggingin stæði. Hann kvaðst þó líta svo á, að afstaða Þingvallanefndar væri sú, að semja ætti um málið. Hann kvaðst hins vegar líta svo á, að meiri hluti byggingarnefndar hefði samþykkt bústaðinn, eins og hann liti út nú, en þá með breyttu skipulagi í samræmi við breyttar teikningar. Hann tók það

fram, að hann hefði við þetta tækifæri farið að vilja byggingarfulltrúa og gert þær breytingar á húsinu, sem hann hefði tiltekið, og skipt hefði verið um lit á bústaðnum. Það hefði hins vegar engu máli skipt, því að stuttu síðar, sumarið 1993, hefði komið bréf um, að hreppsnefnd hefði ekki viljað gefa leyfi. Hann vildi meina, að ákæran hefði komið á slæmum tíma, því að umhverfisráðuneytið hefði einmitt verið að bíða eftir því að fá svar frá hreppsnefnd, svo að ráðuneytið gæti afgreitt málið frá sér með úrskurði, eins og um stjórnslukæru væri að ræða.

Hilmar Einarsson byggingarfulltrúi kvaðst hafa mælt sumarbústaðinn, sem fyrir var á lóðinni, 1988 og 1989, og hefði hann reynst vera 60 m<sup>2</sup>. Vitnið kvað það koma fram í byggingarreglugerð, að sumarbústaðir ættu ekki að vera stærri en 60 m<sup>2</sup>. Vitnið lagði þó áherslu á, að hér væri aðeins um viðmiðunartölu að ræða, en Þingvallanefnd hefði óskað eftir því, að þessari reglu yrði fylgt. Að mati vitnisins væri einnig á það að líta, að lóðirnar á þessu svæði væru í lágmarksstærð og því augljóst, að ekki væri hægt að fara með sumarbústaðina upp úr öllu valdi. Þó hefði sú regla gilt, að menn fengju að endurnýja eldri bústaði og þá í sömu stærð og fyrirbyggjandi hús væri.

Er vitnið hafði greint frá ferð sinni á vettvang í maí 1991, kvaðst það síðar um sumarið hafa frétt, að hafin væri vinna við bústaðinn, og kvaðst því hafa farið í annað sinn á vettvang 19. ágúst 1991. Vitnið, sem tók þá myndir af framkvæmdum, kvaðst hafa séð, að verið var að vinna inni í húsinu, og skipað ákærða að stöðva framkvæmdir og tilkynnt honum, að ekki yrði hjá því komist að kæra verknaðinn. Vitnið neitaði því að hafa gefið ákærða, Stefáni, munnlegt leyfi til framkvæmda, án þess að teikning lægi fyrir. Þá sagði vitnið, að engin dæmi væru þess, að menn hefðu fengið að reisa sumarhús á svæðinu án þess að sækja um það fyrir fram og leggja fram teikningu. Ekki væri um það að ræða, að menn fengju að reisa sumarhús og sækja síðan um.

Vitnið Ingólfur Guðmundsson, formaður hreppsnefndar og byggingarnefndar Þingvallahrepps, kvaðst aldrei hafa gefið ákærða munnlegt leyfi til að hefja framkvæmdir við byggingu sumarhússins, enda kvað vitnið það ekki vera á sínu valdsviði. Vitnið staðfesti, að hreppsnefnd hefði aldrei samþykkt byggingarleyfi fyrir sumarhúsinu, hvorki fyrr né síðar. Vitnið upplýsti, að í byggingarnefnd sætu þrír menn, og einnig sætu þrír í hreppsnefnd. Vitnið kvaðst hafa setið hjá, er málið kom fyrir byggingarnefnd 3. nóvember 1994, og var á vitninu að skilja, að það hefði þá verið búið að kanna afstöðu meðnefndarmanna sinna í nefndinni og vitað um neikvæða afstöðu þeirra til málsins.



Vitnið Ragnar Lundberg Jónsson hreppsnefndarmaður staðfesti einnig, að enn í dag lægi ekki fyrir samþykki hreppsnefndar fyrir byggingunni.

Vitnið Guðbjörn Ólafsson trésmiður, er aðstoðaði ákærða, Stefán, við byggingu sumarhússins, sagði, að aðeins hefði verið hægt að nota lítinn hluta af sökkli gamla hússins í nýbygginguna, en annað ekki. Vitnið kvaðst fallast á, að ekki hefði verið um endurbyggingu að ræða, heldur nýbyggingu. Vitnið neitaði því að hafa sagt við ákærðu, Kolbrúnu, að sækja mætti um byggingarleyfi, eftir að mannvirkið væri risið. Vitnið kvaðst hafa staðið í þeirri trú, að ákærði, Stefán, hefði sótt um leyfi fyrir byggingunni. Vitnið upplýsti, að það hefði verið á staðnum, er byggingarfulltrúinn hefði komið á vettvang í maí 1991. Ekki kvaðst vitnið hafa rætt við byggingarfulltrúann, en fengið þær upplýsingar frá ákærða, Stefáni, að byggingarfulltrúinn hefði mælt fyrir um stöðvun framkvæmda, en ákærði hefði mátt loka húsinu. Vitnið kannaðist ekki við að hafa eftir þetta einangrað húsið með ákærða, Stefáni, og mundi ekki til þess að hafa verið við að glerja húsið, en kvaðst hafa hjálpað ákærða, Stefáni, við að setja hurðir í það.

Vitnið Heimir Steinsson sagði sumarhúsið vera langtum stærra en heimilt væri að byggja, og hefði Þingvallanefnd frá upphafi verið andvíg byggingunni. Vitnið kvað sumarhúsið vera í Kárastaðalandi og vera í þjóðgarðinum, eins og hann væri skilgreindur í lögum nr. 59/1928 og því ótvírætt undir forræði Þingvallanefndar. Um stærð bústaðarins benti vitnið á, að samkvæmt reglum hefði sumarhúsið ekki mátt vera stærra en 60 m<sup>2</sup>, og á hitt væri einnig að líta, að hér væri um umhverfisatriði að ræða. Alls ekki væri sama, hvað eða hvernig væri byggt í þjóðgarðinum, og hefði því Þingvallanefnd alla tíð verið varfærin í þessum efnum og haft tilhneigingu til að draga fremur úr mannvirkjagerð á svæðinu en auka hana.

Vitnið Sigurður Ólafur Kjartansson byggingarfræðingur staðfesti að hafa teiknað 83,6 m<sup>2</sup> sumarhús, er ákærði, Stefán, lagði fyrir byggingarnefnd haustið 1990 og ekki fékkst leyfi fyrir. Vitnið kvaðst einnig hafa teiknað sumarhúsið, sem reis á lóðinni. Ekki kvaðst vitnið þó hafa teiknað húsið, fyrr en búið var að byggja það. Það hefði þá mælt húsið upp og teiknað það síðan. Við sama tækifæri kvaðst vitnið hafa farið undir bústaðinn og reynt að gera sér grein fyrir, hve gamla húsið, sem stóð á lóðinni, var stórt, og þá farið eftir ummerkjum og lýsingum manna. Staðfesti vitnið, að það hefði eftir það talið, að húsið hefði verið 93,24 m<sup>2</sup>. Haustið 1994 kvaðst vitnið hafa breytt teikningu sinni frá desember 1992 í samræmi við þá niðurstöðu, sem fengist hafði á fundinum með byggingarfulltrúa og lögmönnum hreppsins 9. september 1993, og hefði sú teikning verið lögð fyrir byggingarnefnd.

Við aðalmeðferð komu einnig fyrir dóminn lögmenn hjá Lögmonnum Suðurlandi, héraðsdómslögmennirnir Ólafur Björnsson og Sigurður Jónsson, en þeir höfðu báðir í nafni lögmannsstofunnar veitt Þingvallahreppi og sveitarstjórnaryfirvöldum þar lögfræðiaðstoð í málinu.

## V.

Sumarhús ákærðu er innan þjóðgarðsins á Þingvöllum samkvæmt því, sem segir um mörk þjóðgarðsins í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1928 um friðun Þingvalla. Í 4. mgr. 2. gr. laganna er bannað að reisa húsbyggingar eða önnur mannvirki nema með leyfi Þingvallanefndar. Í 1. mgr. 9. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 er lagt bann við því að reisa hús eða önnur mannvirki, sem hafi áhrif á útlit umhverfisins, nema að fengnu leyfi hlutaðeigandi byggingarnefndar. Í 5. mgr. 8. gr. sömu laga er kveðið á um það, að ályktanir byggingarnefndar skuli bera undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar. Í 4. mgr. 9. gr. laganna er mælt fyrir um það, að byggingarleyfi skuli vera skriflegt, og þess þar jafnframt getið, að það öðlist ekki gildi, fyrr en ákveðnum skilyrðum er fullnægt, sem tilgreind eru í 1. til 3. tl. greinarinnar, þar á meðal, að sveitarstjórn hafi staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi áritað teikningu að húsinu, sem sé í samræmi við byggingarreglugerð. Í 3. gr. laganna segir, að umhverfisráðuneytið fari með yfirstjórn byggingarmála, og í 4. gr. laganna segir, að ráðuneytið setji almenna byggingarreglugerð. Í 4. gr. laganna er einnig tiltekið, hvað eigi að koma fram í reglugerðinni. Segir þar m. a., að þar eigi að kveða á um, hvernig háttað skuli gerð bygginga og annarra mannvirkja, sem lögin taka til, og tekur það einnig til innra skipulags. Í byggingarreglugerð nr. 177/1992, sem öðlaðist gildi 1. júlí 1992 og leysti af hólmi eldri reglugerð sama efnis nr. 292/1979, er kveðið á um í 10. gr. 6. kafla, hvernig háttað skuli innra skipulagi húsa annarra en íbúðarhúsa. Í kafla 6. 10. 7. 6. segir, að sumarbústaðir skuli að jafnaði vera á einni hæð og ekki stærri en 60 m<sup>2</sup>.

Með játningu ákærða, Stefáns, þykir sannað, að hann hafi reist sumarbústaðinn, án þess að leyfi rétttra yfirvalda lægi fyrir. Ákærða mátti þó vera ljóst, að hann þyrfti að afla samþykkis byggingaryfirvalda Þingvallahrepps og Þingvallanefndar, áður en hann hæfi byggingarframkvæmdir, enda var það gert að skilyrði í lóðarleigusamningi og lögum nr. 59/1928 um friðun Þingvalla sem og byggingarlögum nr. 54/1978, eins og nánar er rakið hér að framan. Haldlaus er sú viðbára ákærða, Stefáns, að hann hafi ekki þekkt til þessara ákvæða, enda liggur fyrir í málinu, að þegar árið 1990 sótti hann um leyfi til byggingarnefndar fyrir að reisa 83,6 m<sup>2</sup> sumarbústað á lóðinni.

Byggingarnefnd synjaði ákærða hins vegar um leyfið 9. október 1990, og virðist ákærði eftir það hafa verið staðráðinn í að hafa að engu förmæli yfirvalda um byggingarframkvæmdir á lóðinni. Er byggingarfulltrúi stöðvaði byggingarframkvæmdir í maí 1991, lét ákærði, Stefán, það ekki aftra sér frá að fullgera húsið. Þykir ákærði, Stefán, hafa sýnt harðan og einbeittan brotavilja.

Sannað þykir, að ákærða, Kolbrún, vissi, að sumarbústaðurinn var reistur í leyfisleysi, en hún var skráð fyrir lóðinni og handhafi lóðarleigusamnings, þar sem kveðið var á um, að sérhver mannvirkjagerð á lóðinni væri háð fyrirframsamþykki byggingaryfirvalda Þingvallahrepps og Þingvallanefndar. Hún mátti því vita, hvers bar að gæta í þessu sambandi og að ekki var rétt staðið að málum við byggingarframkvæmdir á lóðinni. Ákærða, Kolbrún, sótti löngu seinna, 8. september 1994, um byggingarleyfi og skilaði um leið teikningum að bústaðnum, sem fólu í sér breytingar á fyrirkomulagi mannvirkja á lóðinni, án þess að aðalbyggingin, íveruhúsið, minnkaði. Meiri hluti byggingarnefndar samþykkti þessa umsókn, en hins vegar kom ekki til þess, að gefið væri út byggingarleyfi til ákærðu, Kolbrúnar, enda hlaut samþykkt byggingarnefndar ekki staðfestingu Þingvallahrepps. Þá var ekki heldur um það að ræða, að Þingvallanefnd samþykkti bygginguna með einum eða öðrum hætti. Hvorki ákærða né eiginmaður hennar hefur þannig fengið leyfi Þingvallanefndar og byggingarnefndar Þingvallahrepps fyrir þeim mannvirkjum, sem þau reistu á lóðinni, og fallast má á það með ákæruvaldinu, að mannvirkin hafi þau reist þar í trássi við bann þessara yfirvalda. Sök ákærðu, Kolbrúnar, þykir vera sönnuð.

Háttsemi ákærðu varðar við 4. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1928 um friðun Þingvalla og 1. mgr. 9. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, sbr. IV. og VI. kafla þágildandi byggingarreglugerðar nr. 292/1979, sbr. nú III. og VI. kafla byggingarreglugerðar nr. 177/1992. Er háttseminni rétt lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara og hún þar enn fremur heimfærð til rétttra refsilaga með þeirri athugasemd, að vísa hefði átt til nýju byggingarreglugerðarinnar í ákæru, enda ber samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma eftir nýju reglugerðinni. Með því að reglugerðirnar eru samhljóða um þau atriði, sem hér skipta máli, þykir þessi ágalli ekki koma hér að sök. Þá gaf dómarninn málflytjendum kost á að tjá sig um þetta atriði við munnlegan málflytning.

## VI.

Í 31. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 er mælt fyrir um viðurlög við ólöglegum byggingarframkvæmdum. Þannig varðar það sektum, ef byggingarfram-

kvæmd er hafin, án þess að leyfi sé fengið fyrir henni. Í lagagreininni er þess enn fremur getið, að byggingarfulltrúi geti, þegar svo stendur á, fyrirskipað stöðvun slíkrar framkvæmdar tafarlaust og brotnám byggingar eða byggingarhluta. Ber lögreglu að veita byggingarfulltrúa aðstoð við slíkar aðgerðir, ef þörf krefur, og þess jafnframt getið, að hlíti byggingaraðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa og lögreglu um stöðvun eða brotnám framkvæmda, skuli fara með málið að hætti opinberra mála.

Þótt byggingarfulltrúi hafi ekki leitað aðstoðar lögreglu við stöðvun byggingarframkvæmda, sem honum var þó heimilt, er ljóst, að hann gaf ákærða, Stefáni, ákveðin fyrirmæli um að stöðva byggingarframkvæmdir, þar til byggingarnefnd og Þingvallanefnd hefðu fjallað um málið. Þetta gerir byggingarfulltrúi, eins og áður greinir, með ábyrgðarbréfi, dagsettu 22. maí 1991. Verður að telja, að þessi fyrirmæli hafi verið nógu skýr og ákveðin. Í bréfi þessu mælir byggingarfulltrúinn hins vegar hvergi fyrir um brotnám hinna óleyfilegu bygginga. Í bréfi byggingarfulltrúans til ákærðu, Kolbrúnar, dagsettu 5. júní 1991, krefst byggingarfulltrúinn þess, að húsið verði minnkað og lögð fram teikning að 60–65 m<sup>2</sup> húsi, geymsluhúsið verði fjarlægð og dregið úr stærð verandar.

Ósannað er, að byggingarfulltrúi hafi gefið frekari fyrirmæli um brotnám bygginga á lóðinni en í bréfi þessu greinir. Í málinu liggur þannig ekki fyrir, að byggingarfulltrúi hafi gefið fyrirmæli um annað en brotnám geymsluhússins. Þannig er ekki um það að ræða, að byggingarfulltrúi hafi gefið fyrirmæli um brotnám alls sumarhússins eða einstakra hluta þess.

Í kæru lögmanns sveitarstjórnar til ríkissaksóknara 18. nóvember 1991 er óskað eftir, að mælt sé fyrir um eftirtalin atriði: „... um rannsókn málsins, um aðstoð lögreglu við byggingarfulltrúa við brotnám hins ólögmeta ástands...“ Þremur og hálfu ári síðar gefur ríkissaksóknari út ákæru í málinu án þess að hafa áður gefið fyrirmæli um það, hvernig staðið skuli að brotnámskröfu og aðstoð lögreglu við framkvæmd verksins. Verður að telja, að hér hafi alls ekki verið rétt að málum staðið. Brotnámskrafa, sem styðst við 31. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, er hörð refsing þeim, sem hún beinist að. Ekki nægir, að refsilög, þar með talin sérrefsilög, séu skýr og afdráttarlaus, svo að unnt sé að beita þeim viðurlögum, er í lögunum greinir, heldur verður einnig að gera þá kröfu til þeirra, sem sjá um framkvæmd laganna, að rannsókn og framkvæmd öll fullnægi lágmarkskröfum um skýrleik og skilvirkni. Þetta felur m. a. í sér, að hörðum viðurlögum verði ekki beitt, nema við refsiframkvæmd hafi verið farið eftir lagafyrirmælum í hvívetna. Lögin heimila byggingarfulltrúa að skipa fyrir um brotnám byggingar eða byggingarhluta. Slík fyrirmæli verða að vera skýr og afdráttarlaus. Ef

það var tilætlan byggingarfulltrúa að beita brottnámsákvæði laganna, bar honum skilyrðislaust að kynna ákærðu þá kröfu, strax og tilefni var til, enda skipti það ákærðu miklu máli að hafa möguleika á að verjast slíkri kröfu, þegar er tilefni var til að bera hana fram. Þýðingarlaus í þessu sambandi er tilkynning, sem lögmaður Þingvallahrepps sendi ákærðu, Kolbrúnu, 23. október 1991, þar sem hann boðar kærú til ríkissaksóknara og að sumarhúsið kunni að verða rífið skv. 31. gr. byggingarlaga. Þá verður ekki fram hjá því litið, hver afstaða meiri hluta byggingarnefndar var til málsins árið 1994.

Samkvæmt þessu þykir ekki vera unnt að taka til greina brottnámskröfu ákæruvalds samkvæmt 31. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 nema að því, er tekur til 18,4 fermetra geymsluhúss, sem á lóðinni stendur, en í ákæru er þetta hús ranglega nefnt bað- og geymsluhús. Verða ákærðu sýknuð af því að hlíta frekari kröfum ákæruvalds um brottnám mannvirkja á lóðinni.

## VII.

Eins og að framan greinir, sendi lögmaður Þingvallahrepps f. h. byggingarfulltrúans í uppsveitum Árnassýslu ríkissaksóknara bréf, þar sem hann vakti athygli hans á málinu og lýsti yfir, að ákærða, Kolbrún, væri kærð til refsingar. Jafnframt var óskað eftir því, að ríkissaksóknari mælti fyrir um rannsókn málsins og meðferð á tilteknum þætti þess, eins og hér að framan hefur verið rakið.

Með bréfi, dagsettu 3. desember 1991, sendir ríkissaksóknari sýslumanninum í Árnassýslu kærugögn og óskar eftir, að hann taki málið til rannsóknar og að þá verði kærða og byggingarstjóri hennar yfirheyrð og málið að öðru leyti rannsakað, eftir því sem tilefni kann að verða til, eins og segir í bréfi ríkissaksóknara.

Hinn 17. desember s. á. sendir sýslumaður RLR málið til meðferðar, og með bréfi, dagsettu 2. janúar 1992, sendir hann RLR framburðarskýrslu, sem lögreglan í Árnassýslu tók af Hilmari Einarssyni byggingarfulltrúa 9. desember 1991.

Með bréfi, dagsettu 20. desember 1991, vekur ríkissaksóknari athygli sýslumanns á bréfi þáverandi lögmanns ákærðu til lögmanns hreppsins, sem dagsett er 3. desember 1991, þar sem fram komi, að ákærða, Kolbrún, hafi byggt upp eldri bústað, sem haldið sé fram, að hafi verið af sömu stærð og hin nýja bygging, og þetta hafi verið gert með heimild formanns Þingvallarnefndar. Þar sem kæra sú, sem fyrir liggur, byggist á því, að ákærða, Kolbrún, hafi reist miklu stærri bústað og án allra heimilda, óskar ríkissaksóknari eftir, að við rannsókn málsins verði reynt að upplýsa jafnframt um þessi atriði.

Rannsóknarlögregla ríkisins tekur skýrslur af ákærðu 2. mars 1992 og endursendir málið sýslumanninum í Árnæssýslu með bréfi, dagsettu 30. mars 1992, jafnframt því, sem vakin er athygli á, að eftir sé að kanna, hvað hæft sé í fullyrðingum, sem komi fram í bréfi lögmanns ákærðu, Kolbrúnar, til lögmanns hreppsins, sbr. bréf ríkissaksóknara, dagsett 20. desember 1991. Þrátt fyrir þessa ábendingu tekur lögreglan í Árnæssýslu ekki skýrslu af formanni Þingvallanefndar eða þeim aðila, sem hafði umsjón með byggingarframkvæmdinni (byggingarstjóra), sbr. IV. kafla byggingarreglugerðar og bréf ríkissaksóknara, dagsett 3. desember 1991. Þetta er aðfinnsluvert. Hins vegar þykir hafa verið úr þessu bætt við meðferð málsins, en þá komu meðal annarra fyrir dóminn Heimir Steinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Þingvallanefndar og þjóðgarðsvörður, og Guðbjörn Ólafsson trésmiður, sem vann við byggingu sumarbústaðarins. Gögn málsins benda til þess, að sýslumaður hafi lokið rannsókn málsins um mitt ár 1992.

Rekstur máls þessa hefur dregist úr hömlu. Upphaflega fær ríkissaksóknari málið til meðferðar 18. nóvember 1991. Lögreglan lýkur skýrslutökum um mitt ár 1992 og málið þá sent ríkissaksóknara til ákvörðunar. Ríkissaksóknari gefur ekki út ákæru í málinu fyrr en þremur árum síðar, 22. júní 1995. Þá er ákærðu er birt ákæran í málinu 21. ágúst 1995, eru þrjú ár og fimm mánuðir liðnir, frá því að þau gáfu skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Sá dráttur, sem varð á rekstri málsins hjá embætti ríkissaksóknara og ekki hefur verið skýrður við meðferð málsins, er vítaverður. Hann brýtur í bága við 1. mgr. 138. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991 um sama efni. Þá er hann einnig í andstöðu við 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 62/1994, en þar er lögð áhersla á, að sá, sem sökum er borinn um refsivert brot, eigi rétt á réttlátri og opinberri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli.

## VIII.

Ákærðu eru bæði sakhæf.

Ákærði, Stefán Örn Kristjánsson, er fæddur 22. febrúar 1936 og gekkst á árunum 1955 til 1972 tólf sinnum undir sektarrefsingu, aðallega fyrir umferðar- og áfengislagabrot. Eftir 1972 hefur ákærði ekki sætt refsingu.

Ákærða, Kolbrún Guðmundsdóttir, er fædd 2. mars 1943 og hefur ekki sætt refsingu af neinu tagi.

Ákærða, Kolbrún, hefur við meðferð málsins og eins hjá lögreglu borið fyrir sig, að hún hafi látið mann sinn að öllu leyti um mál þetta. Meðferð málsins þykir hafa leitt í ljós, að það var ekki ákærða, Kolbrún, heldur eiginmaður hennar, Stefán, sem tók ákvarðanir og réð gangi mála. Ákærða

var þó lóðarleiguhafi og skráður eigandi mannvirkjanna, og hún vissi, að byggingaryfirvöld í Þingvallahreppi og Þingvallanefnd höfðu aldrei gefið út leyfi fyrir mannvirkjunum. Eins og að framan greinir, þykir sök hennar vera sönnuð, enda bar henni að sjá um, að mannvirkin risu ekki á lóðinni í fullkomnu leyfisleysi. Með hliðsjón af hinum óhæfilega drætti málsins og því, sem að framan er rakið, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 50.000 króna sekt, og komi tíu daga varðhald í sektar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Dæmd sekt skal að jöfnu renna til sveitarsjóðs Þingvallahrepps, sbr. 35. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, og ríkissjóðs, sbr. 8. gr. laga nr. 59/1928, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1982.

Ákærði, Stefán, sýndi af sér óbilgjarna hegðun. Hann lét sér ekki segjast við viðvaranir byggingarfulltrúa, og skýr lagafyrirmæli virðast hafa skipt hann litlu máli. Hann þykir hafa sýnt einbeittan og harðan brotavilja, og það er ekki fyrr en löngu eftir, að sumarbústaðurinn, stærri en leyfileg stærðarmörk segja til um, er fullgerður og fullnustuaðgerðir vegna dagsektu eru á lokastigi, að hann sýnir áhuga á að koma málum í lag. Við ákvörðun refsingar þykir hins vegar ekki verða hjá því komist að taka tillit til þess óhagræðis, sem hinn óhæfilegi dráttur á rekstri málsins hefur haft í för með sér. Að því athuguðu þykir refsing ákærða, Stefáns Arnar Kristjánssonar, hæfilega ákveðin 300.000 króna sekt, sem renni að jöfnu til sveitarsjóðs Þingvallahrepps, sbr. 35. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, og ríkissjóðs, sbr. 8. gr. laga nr. 59/1928, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1982. Ber ákærða að greiða sekt þessa innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 45 daga varðhaldi.

Í samræmi við niðurstöðu málsins og samkvæmt 1. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að ákærðu greiði in solidum 3/4 hluta sakarkostnaðar, en ríkissjóður 1/4 hluta. Skulu ákærðu greiða 67.500 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og 67.500 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þuríðar Jónsdóttur hdl., en ríkissjóður greiði verjanda 22.500 krónur í málsvarnarlaun.

Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi lögreglustjórans á Selfossi, flutti málið hér fyrir dóminum af hálfu ákæruvalds.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta. Vegna embættisanna dómarans reyndist ekki unnt að kveða upp dóminn fyrir 21. þ. m.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Örn Kristjánsson, greiði 300.000 króna sekt, er renni að jöfnu í sveitarsjóð Þingvallahrepps og ríkissjóð, innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 45 daga varðhaldi.

Ákærða, Kolbrún Guðmundsdóttir, greiði 50.000 króna sekt, er

renni að jöfnu í sveitarsjóð Þingvallahrepps og ríkissjóð, innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 10 daga varðhaldi.

Ákærðu skulu hlíta brottnámi á 18,4 fermetra geymsluhúsi, en að öðru leyti vera sýkn af kröfu ákæruvalds um brottnám mannvirkja á lóðinni samkvæmt 31. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.

Ákærðu greiði in solidum sakarkostnað að 3/4 hlutum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 67.500 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Puriðar Jónsdóttur hdl., 67.500 krónur. Úr ríkissjóði greiðist 1/4 hluti sakarkostnaðar, þar með taldar 22.500 krónur í málsvarnarlaun verjanda ákærðu.

---